

## REGLUR um lausafjárhlutfall.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur með vísan til 12. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands sett eftirfarandi reglur um lausafjárhlutfall bindiskyldra lánastofnana.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og annarra lánastofnana sem starfa skv. lögum og ber að uppfylla reglur Seðlabankans um bindiskyldu.

### 2. gr.

#### *Mat á lausu fé.*

Lánastofnanir, sbr. 1. gr., skulu kappkosta að eiga nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbindingum sínum. Laust fé skal flokkað eftir neðangreindum fjórum tímabilum:

- a) Laust innan eins mánaðar.
- b) Laust eftir einn mánuð til allt að þriggja mánaða.
- c) Laust eftir þrjú mánuði til allt að sex mánaða.
- d) Laust eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.

Lausafjárhlutfall eins og það er skilgreint í reglum þessum skal reiknað mánaðarlega á grundvelli upplýsinga í lok hvers mánaðar skv. sérstakri skýrslu til Seðlabankans.

### 3. gr.

#### *Lágmark lausafjárhlutfalla.*

Með lausafjárhlutfalli er átt við hlutfall lausafjárkragna og lausafjárskuldbindinga sbr. 5. og 6. gr. þessara reglna. Lausafjárhlutföll lánastofnana skulu eigi vera lægri en 1 fyrir hvorn liðanna a) og b) í 1. mgr. 2. gr. Sé lausafjárhlutfallið skv. a) lið hærra en 1 skal heimilt að yfirfæra þá fjárhæð sem umfram stendur yfir á b) lið.

Lánastofnanir skulu einnig gera grein fyrir lausafjárhlutföllum fyrir önnur tímabil, þ.e. skv. c) og d) lið 1. mgr. 2. gr.

### 4. gr.

#### *Viðurlög.*

Nái lausafjárhlutföll lánastofnunar ekki því lágmarki sem sett er í 1. mgr. 3. gr. skal reikna dagsektir á þær fjárhæðir sem á vantar skv. 1. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í forni dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kærheimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. framangreindra reglna.

Seðlabankanum er heimilt að skuldfæra reiknuð viðurlög á viðskiptareikninga viðkomandi lánastofnunar eða fyrirtækis hjá bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna í 1. mgr. hér að framan. Lánastofnun, sem annast bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda lánastofnun, heimilur Seðlabankanum að skuldfæra viðurlög vegna viðkomandi stofnunar á reikning sinn í bankanum.

## 5. gr.

*Skilgreining á lausafjárkröfum.*

Eftirtaldar kröfur í eigu lánastofnunar skulu teljast til lausafjárfrafna og falla undir staflið

a) í 1. mgr. 2. gr.:

- a) Sjóður í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
- b) Óbundnar innstæður í seðlabönkum, þar með talin innstæða á reikningi vegna bindiskyldu. Aðalviðskiptareikningur sparisjóðs hjá Sparisjóðabanka Íslands hf., þar með talinn innstæða sparisjóðs hjá Sparisjóðabankanum vegna milligöngu hans um bindiskyldu skv. 8. gr. gildandi reglna um bindiskyldu. Ef nýtt er heimild í 9. gr. reglna Seðlabanka Íslands um bindiskyldu um sérstakan bindireikning skal telja hann bæði með sem innstæðu á reikningi vegna bindiskyldu og sem bindifjárhæð til tryggingar í greiðslukerfum.
- c) Endurhverf verðbréfa kaup af Seðlabankanum.
- d) 5% af sammingsbundnum veltilánum til lánastofnana vegna afurða- og rekstrarlána.
- e) Eigin reikningar (nostro) í lánastofnunum.
- f) 5% af yfirdráttarlánnum og afurðalánnum.
- g) 15% af öllum vanskilum sem eru eldri en þrjátíu daga, þ.m.t. greiddar óinnleystar ábyrgðir.
- h) 90% af markaðsverðmæti innlendra ríkisvixla, annarra endurseljanlegra bréfa í Seðlabankanum og erlendra ríkisvixla.
- i) 80% af markaðsverðmæti vixla lánastofnana með viðskiptavakt, sem skráðir eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, skráðra erlendra markaðsskuldabréfa, skráðra erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða.
- j) 50% af markaðsverðmæti skráðra vixla- og skuldabréfaflokka með viðskiptavakt, sem eru ekki hæfir í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann, og hlutabréfa í úrvals-vísitölu VPÍ.
- k) 25% af markaðsverðmæti annarra skráðra innlendra hlutabréfa.
- l) 10% af markaðsverðmæti annarra skráðra skuldabréfa án viðskiptavaktar.
- m) 80% af ónýttum hluta sammingsbundinna veltilána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í ISK.
- n) Kröfur vegna ónýtttra hluta sammingsbundinna veltilána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í erlendum gjaldmiðli.
- o) 10% af ónýttum lánsheimildum (lánalínum) í innlendum og erlendum gjaldmiðli.

Aðrar eftirtaldar kröfur skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra:

- a) Innstæðubréf Seðlabankans.
- b) 90% af endurgreiðslum vegna krafna á innlendar lánastofnanir að undanskildum eigin reikningum (nostro).
- c) Endurgreiðslur vegna krafna á erlendar lánastofnanir bæði í innlendum og erlendum gjaldmiðli að undanskildum eigin reikningum (nostro).
- d) 80% af endurgreiðslum vegna krafna á aðra aðila en lánastofnanir að frátöldum kröfum í vanskilum, yfirdráttar- og afurðalánnum.
- e) 90% af kröfum vegna endurhverfra verðbréfa kaup þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn. Þetta hlutfall skal þó vera 100% vegna milligöngu Sparisjóðabanka Íslands hf. fyrir sparisjóði.
- f) 90% af jákvæðu markaðsvirði (óinnleystum hagnaði) allra samninga utan efnahags, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
- g) 80% af kröfum vegna sölutrygginga.

## 6. gr.

*Skilgreining á lausafjárskuldbindingum.*

Eftirtaldar skuldbindingar lánastofnunar skulu teljast til lausafjárskuldbindinga og falla undir staflið a) í 1. mgr. 2. gr.:

- a) Gjaldkræfar skuldir við seðlabanka, þar með talin útreiknuð bindiskyldukvöð skv. reglum Seðlabanka Íslands um bindiskyldu og uppgjörskvöð vegna greiðslukerfa.
- b) Endurhverf verðbréfasala til Seðlabankans.
- c) 5% af lánasamningum við lánastofnanir vegna afurða- og rekstrarlána.
- d) 5% af bundnum innlánnum í krónum og 10% af öðrum innlánnum.
- e) 80% af skuldbindingum vegna ónýttra hluta sammingsbundinna veltilána til innlendra og erlendra lánastofnana í ISK.
- f) 100% af skuldbindingum vegna ónýttra hluta sammingsbundinna veltilána til innlendra og erlendra lánastofnana í erlendum gjaldmiðli.
- g) 25% af skuldbindingum vegna ónýtts hluta veltilána til annarra en lánastofnana í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
- h) 10% af ábyrgðum.
- i) 5% af innlendum kreditkortaheimildum.
- j) 0,5% af erlendum kreditkortaheimildum.

Aðrar eftirtaldar skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. miðað við eftirstandandi binditíma þeirra:

- a) Endurgreiðslur af skuldum, öðrum en vegna afurða- og rekstrarlána, við innlendar og erlendar lánastofnanir.
- b) Endurgreiðslur af verðbréfaútgáfu á markaði.
- c) Endurgreiðslur af annarri lántöku.
- d) 100% af skuldbindingum vegna endurhverfrar verðbréfasölu þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn.
- e) 100% af neikvæðu markaðsvirði (óinnleystu tapi) allra samninga utan efnahags, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
- f) 25% af andvirði skuldbindinga vegna sölutrygginga.
- g) 80% af skuldbindingum vegna samþykktra lánsloforða.
- h) Greiðslur vegna samþykktar arðs.

## 7. gr.

*Frekari upplýsingar vegna viðskipta utan efnahags.*

Eftirtaldar kröfur og skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi staflið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra og hvort um er að ræða erlendan eða innlendan gjaldmiðil:

- a) Höfuðstóll framvirkra samninga.
- b) Greiðsluflæði skiptasamninga.
- c) Höfuðstóll valréttarsamninga.

Ofangreindir stafliðir eru ekki teknir með í útreikningi á lausafjárhlutfalli.

## 8. gr.

*Skýrsluskil.*

Skýrslum um laust fé skal skilað til Seðlabankans innan 15 daga frá lokum hvers mánaðar og er bankanum heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum á grundvelli 2. mgr. 2. gr. gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta. Um ákvörðun dagsekta, kærueimild og innheimtu gilda ákvæði 6., 7. og 8. gr. greindra reglna eftir því sem við getur

átt og um skuldun dagsekta á hlutaðeigandi aðila gildir 2. mgr. 4. gr. hér að framan eftir því sem við getur átt.

Innri endurskoðandi lánastofnunar, þar sem honum er til að dreifa, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð lauss fjár að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um. Slík yfirlýsing skal jafnframt send þegar fyrsta skýrsla lánastofnunar er útbúin samkvæmt reglum þessum.

9. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar taka gildi 1. september 2002. Jafnframt falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall nr. 905 frá 27. desember 1999.

Reykjavík, 29. maí 2002.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**